

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 30. júní 2022
UST202205-256/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Íbúðarbyggð við Þingborg - Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Þingborg í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir íbúðarbyggð við Þingborg ÍB5. Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna vistgerðir á svæðinu sem hljóta mjög hátt verndargildi, til að mynda runnamýravist, víðikjarrvist og starungsmýravist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, en hafa þó töluverða útbreiðslu um landið.

Umhverfisstofnun tekur undir að jákvætt er hversu útbreiddar vistgerðirnar eru um landið, hins vegar réttlætir það ekki röskun á vistgerðum með hátt verndargildi og því mikilvægt að halda raski á vistgerðunum í lágmarki.

Í greinargerð er vitnað í kafla 2.2.2 í landsskipulagsstefnu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig tillagan samræmist kafla 2.2.2 í landsskipulagsstefnu sérstaklega hvað varðar verndun vistgerða með hátt verndargildi.

Í greinargerð kemur fram að á meðan framkvæmdum stendur kemur gróður til með að raskast við gerð nýrra mannvirkja og vega og neikvæð umhverfisáhrif eru aðeins tímabundin á meðan framkvæmdir standa yfir og verður svæðið grætt upp aftur.

Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir að umhverfisáhrif á gróðurfar verði einungis tímabundin, þar sem rask á gróðurfari er varanleg með gatna- og húsnæðisgerð. Auk þess eru ekki sett nein skilyrði um staðargróður eða vistgerðir með hátt verndargildi verði nýttar við uppgræðslu eða á lóðum.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og því mikilvægt að meta áhrif tillögunnar á fuglalíf.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur